

SAMPYKKT

um stjórnun sveitarstjórnarmála í Eyrarsveit.

1. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi einu sinni í mánuði nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundardagar og fundartími skal vera kl. 16.00 fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun oddvita, sveitarstjóra eða ef tveir hreppsnefndarmenn hið fæsta krefjast þess.

Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá skal taka:

- a) Gerðir og ályktanir nefnda, sem hreppsnefnd þarf að staðfesta.
- b) Lögmatar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir boðaðan hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá næsta hreppsnefndarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja og tillögur sem fram hafa komið. Fylgja skulu eftirrit fundargerða og tillagna, svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði hreppsnefndarmönnum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá. Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema að hreppsnefnd ákveði að önnur röð skuli höfð. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki meirihluti viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

3. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd sem miðast við 20. launaflokk BSRB.

Skal hver fundur og undirbúningur fyrir hann metinn til 4 st. vinnu hjá hverjum hreppsnefndarmanni en helmingi lengri tíma hjá oddvita.

Þóknun fyrir störf í öðrum nefndum skulu metin til helmings á við hreppsnefndarstörf.

4. gr.

Að loknum hverjum hreppsnefndarfundi skal skrifstofa Eyrarsveitar senda út vélritaða fundargjörð öllum hreppsnefndarfulltrúum, og jafn mörgum varafulltrúum, eigi síðar en 5 dögum eftir fund.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.